

Mál nr. 152/2018**M og
V vegna ábyrgðartryggingar R****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 16.05.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 29.05.2018, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M, sem er bundin í hjólastól og fær heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg, datt úr sæti ökumanns í ökutæki sínu og sat fastur á milli framsætis og lyftu sem er í ökutækinu. Hann hringdi í starfsmenn heimaþjónustunnar sem voru staddir á heimili hans og þeir komu honum til aðstoðar. Annar starfsmaðurinn rak sig í stýripinna sem varð þess valdandi að bílstjórasætið lyftist upp og höfuðpúði sætisins rakst í þakklæðninguna sem brotnaði og einnig urðu aðrar skemmdir á lofti ökutækisins og farþegasæti fram í.

M telur að R beri ábyrgð á tjóninu þar sem starfsmaður þess olli tjóninu. Í kærú M kemur fram að þar sem ökutækið sé sérútbúið hefði starfsmaðurinn átt að sýna meiri aðgæslu en ella og henni hefði mátt vera ljóst í hvað stefndi og hefði átt að leita leiða til þess að koma í veg fyrir að sætið héldi áfram að lyftast.

Í bréfi V kemur fram að M hafi ekki samning við R um þjónustu utan heimilis hans og aðstoð heimaþjónustunnar sé fyrst og fremst á heimilum notenda og ekki sé gert ráð fyrir að þeir hafi þekkingu á sérútbúnum ökutækjum sem séu útbúin sérstaklega fyrir hvern og einn einstakling. V telur að starfsmaðurinn hafi sýnt af sér næga aðgæslu og að atburðurinn hafi orðið vegna óhappatilviks. Tjónið verði því ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi R, annarra atvika eða aðstæðna sem það ber ábyrgð á.

Álit.

Í máli þessu komu starfsmenn heimaþjónustu Reykjavíkurborgar M til aðstoðar þegar hann féll úr sæti ökumanns og festist í ökutækinu sínu milli framsætis og lyftu. Við aðstoðina varð það óhapp að annar starfsmaðurinn rak sig í stýripinna sem varð þess valdandi að höfuðpúði framsætis rakst í þakklæðninguna sem brotnaði. Ekki er unnt að rekja tjónið sem varð til saknæmrar né ólögmætrar háttsemi starfsmannsins heldur var um óhappatilvik að ræða þegar starfsmaðurinn kom M til hjálpar. Með vísan til þess er ekki um bótaskyldu að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík, 19. júní 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.